

Uppsetning Office 365 á tölvu - leiðbeiningar


Þeir notenda sem eru með fullan aðgang að Office 365, þ.e. stjórnendur, starfsmenn sem eru í skrifstofustörfum og starfsmenn sem eru með einkatölvu, geta sett upp Office 365 á tölvuna sína. Í þeim pakka eru Word, Excel, Powerpoint, Access, Teams, OneNote og OneDrive.

Hægt er að nálgast vefútgáfur þessarar forrita, og fleiri, á www.office.com. Þar er hægt að smella á Sign in, skrá inn tölvupóstfang með @landspitali.is endingu og sama lykilorð og þú notar á tölvunni.

Hafðu í huga að það þarf að vera búið að úthluta þér aðgangi til þess að þú getir sótt forritin.


1. Slökktu á öllum Office forritum áður en þú byrjar.

2. Farðu í Software Center með því að fara í leitargluggann í tækjastikunni (e.Taskbar) og sláðu inn Software Center.



2. Veldu Microsoft Office 365 og smelltu á Install en þar með fer uppfærslan sjálfkrafa af stað. Niðurhal og uppfærsla getur tekið um 30 mínútur.

- **ATH** - Hafir þú þegar verið komin/n með nýjustu forritin af Office þarft þú að finna **Office Pro Plus Viðbót** í Software Center og smella á Install



3. Opnaðu forritin og þú getur hafið notkun. Hugsanlega þarf að endurræsa tölvuna.

Hafðu í huga að stundum tekur smá tíma fyrir Teams að koma inn og í einhverjum tilfellum þarf að endurræsa tölvuna til að það birtist.

Einhver vandamál?

Ef einhverjar spurningar, vinsamlegast hafið samband við þjónustumiðstöð HUT:
1550 / 1550@landspitali.is / hutgatt.lsh.is